

Sp. 62. Tillaga til þingsályktunar [58. mál]
um eftirgjöf á ársfjórðungsgjaldi fyrir síma elli- og örorkulífeyrisþega.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Albert Guðmundsson.

Alþingi ályktar að samgönguráðherra feli Póst- og símamálastofnuninni að framkvæma reglugerð nr. 426/1978 um eftirgjöf á afnotagjaldi af síma elli- og örorkulífeyrisþega á þann veg, að íbúar allra sérbyggðra íbúða fyrir aldraða og öryrkja njóti umræddrar eftirgjafar, ef þeir uppfylla skilyrði reglugerðarinnar að öðru leyti.

G r e i n a r g e r ð .

Tillaga þessi var áður flutt á 102. löggjafarþingi, en hlaut ekki afgreiðslu.
Á undanförnum árum hefur Reykjavíkurborg og fleiri sveitarfélög byggt íbúðir fyrir aldrað fólk. Einnig rekur Sjálfsbjörg slíka byggingu fyrir öryrkja, sem eru

svo mikið fatlaðir að þeir þarfnast sérstaks húsnæðis, en geta þannig að mestu leyti séð um sig sjálfir. Íbúar þessa húss njóta niðurfellingar af síma og hið sama gildir um íbúa þriggja af fjórum íbúðarhúsum fyrir aldraða í Reykjavík. Í hinu fjórða, húsinu nr. 27 við Dalbraut og þrem hjónahúsum sem tengd eru við það, hefur íbúum verið synjað um þessa niðurfellingu, þar sem almenningssími sé í aðal-húsinu. Hið sama er þó að segja um öll húsin, því að almenningssími er í þeim öllum. Nokkru meiri þjónusta er í húsunum við Dalbraut 27, en þeir, sem það geta, hugsa þar að öllu leyti um sig sjálfir. Húsaleiga þar er töluvert hærri en í hinum húsunum vegna þessarar þjónustu.

Sími er svo mikilvægt tæki hinum öldruðu til að vera í sambandi við ættingja og vini að einn almenningssími fyrir tugi íbúða dugar þar ekki til. Þess vegna leggja þeir áherslu á að halda síma sínum, þó að þeir flytjist í hús þar sem þeir búa við ákveðið öryggi, enda nutu þeir flestir niðurfellingar afnotagjalds áður og áttu ekki von á að vera sviptir henni, þó að þeir flyttu í betri íbúð.

Í reglugerð nr. 426/1978 er ekkert sem styður þennan afgreiðslumáta. Þar segir svo í 3. grein:

„Skilyrði til að ársfjórðungsgjald megi fella niður eru:

- a) Að viðkomandi elli- og örorkulífeyrisþegi njóti óskertrar uppbótar á elli- eða örorkulífeyri (tekjutrygging), samkv. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almanna-tryggingar.
- b) Að umsækjandi búi einn í íbúð, eða sé hann í hjónabandi eða öðru sambýli, þá uppfylli hver einstaklingur kröfur reglugerðar þessarar. Umsækjandi telst þó uppfylla skilyrði þessarar greinar, enda þótt fólk undir tvitugsalddri dveljist á heimilinu.
- c) Að ekki sé annar sími í íbúðinni.“

Það er ekkert sem bendir til þess í reglugerð, að gera skuli mun á íbúum í húsum, sem sérstaklega eru ætluð öldruðum, og íbúum í öðrum sambýlishúsum.

Við afgreiðslu þingsályktunartillögu þessarar á s.l. vori var málinu vísað til Öryrkjabandalags Íslands, sem mælti eindregið með samþykkt þess. Í umsögn Jóns Skúlasonar f. h. póst- og símamálastjórnarinnar kom fram, að „stofnunin er því mjög mótfallin að þurfa að hafa með höndum frekari framkvæmdir hér að lútandi“, og telur bréfitari að almannatryggingar ættu að vera svo riflegar að þessarar niðurfellingar gerðist ekki þörf. Var svar stofnunarinnar gjörsamlega utan við það sem um var spurt, enda háttvirt Alþingi þegar búið að setja lög um niðurfellingu afnotagjalda þeirra, sem hafa óskerta tekjutryggingu.

Í löngu bréfi ráðuneytisstjóra samgönguráðuneytisins kom fram, að hann telur íbúðarhús, sem sérstaklega eru ætluð öldruðum, til elliheimila, og er ekkert um það að segja annað en að hér gætir verulegrar vanþekkingar. Auk þess lýsir hann einnig andstöðu sinni við lög um niðurfellingu afnotagjalda og telur „ekki rétt að ganga lengra á þessari braut“.

Um það er ekki beðið. Hér er einungis farið fram á að allir þeir, sem uppfylla skilyrði reglugerðarinnar, njóti niðurfellingar afnotagjalda eftir sömu reglum. Hús eins og húsið nr. 27 við Dalbraut er ekki elliheimili, enda greiðast tryggingabætur vistmanna þar á annan hátt en vistmanna elliheimila. Hér er um íbúðir að ræða, þar sem íbúar greiða húsaleigu, en ekki herbergi þar sem öll þjónusta verður að koma frá starfsfólki. Verði íbúar sjúkir þurfa þeir að flytjast á sjúkrahús eða elliheimili þar sem hjúkrun er ekki í boði í íbúðarhúsunum.

Hér er um ósæmilega mismunun að ræða, sem tafarlaust ber að leiðrétta.